

60
10. marz.

Áætlun

um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins í norður- og austurumdöminu árið 1878.

Gjöld:

1. Til dóms- og lögreglumála	100 kr.	» a.
2. — gjafsóknarmála	100 —	» -
3. — sáttamála	50 —	» -
4. — heilbrigðismála (bólusetninga o. s. frv.)	150 —	» -
5. — kennslu heyrnar og mál-lausra	600 —	» -
6. — ferðakostnaðar embættismanna	100 —	» -
7. — kostnaðar við amtsráðið	150 —	» -
8. — varðkostnaðar gegn fjárkláðanum	1500 —	» -
9. — þriðju afborgunar af skuld sjóðsins fyrir fangahúsbyggingar	2124 kr. 67 a.	
og vaxta af 29745 kr. 33 a.	1104 — 83 -	3229 — 50 -
10. — óvissra útgjalda	893 — 98 -	6873 — 48 -

Tekjur:

- | | | |
|---|-------------|-------------|
| 1. Í sjóði frá fyrra ári | 844 kr. | 8 a. |
| 2. Niðurföfnun á lausafjórðruðin í amtinu, 20 aurar á hvert | 6029 — 40 - | 6873 — 48 - |
12. Var samið yfirlit yfir fjárhag þjóðvegassjóðanna í norður- og austurumdöminu árið 1876.
13. Voru rannsakadir reikningar búnaðarsjóðs umdæmisins fyrir næstliðin 2 ár. Eptir reikningunum voru 369 kr. 71 e. í sjóði við árslok 1877, og áleit amtsráðið, að þessu fje ætti að verja á yfirstandanda ári samkvæmt tilgangi sjóðsins. Nú með því amtsráðið vildi allt kapp á leggja, að fá Svein búfræðing Sveinsson eður einhvern annan búfróðan mann til að ferðast hjer um í sumar, til þess að leiðbeina mönnum í jarðyrkjustörfum o. fl., þá hjelt amtsráðið, að eigi mundi veita af, að ætla fje þetta til þessa. En skyldi þessu áformi eigi geta orðið framgengt, var ákveðið, að 100 kr. þessa fjár skyldi varið til sljettunarverkfæra og skurðgraptarverkfæra, öðrum 100 kr. til styrktar til að læra að höggva stein, og afganginum til annara þarflegra fyrirtækja, búnaðinum til eflingar.
14. Að síðustu framlagði forseti til álita bónarbrjef frá Þorgrími hjeraðslækni Johnsen, þar sem hann beiðist 50 króna þóknunar af landssjóði fyrir að kenna einni yfirsetukonu fæðingarfræði. Vildi amtsráðið gefa sín beztu meðmæli með því, að læknum yrði veitt þessi þóknun, þar sem það áleit hana sanngjarna og hæfilega.

Feiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 10. marzmánaðar 1878.

Christiansson.

- 61 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á lækna-
13. apríl. skólareglugjörð 9. ágúst 1876. — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, beiðzt úrskurðar ráðgjafans um það, hvort, og þá með hvaða skilyrðum, veita megi lærisveini, er hefir gjört sig sekan í óreglu þeirri, er getur um í 5. gr. í reglugjörð fyrir lækna skólann í Reykjavík 9. ágúst 1876, og þess vegna hefir verið vísað burt úr skólanum, inntöku í skólann aptur, eptir að hann um lengri tíma, sem nánara

yrði tiltekinn, hefir lifað reglulegum lifnaði; og í annan stað borið undir ráðgjafann sjerstaklegt tilfelli af því tagi, sem nýlega hefir komið fyrir.

61
13. apríl.

Út af þessu er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að það er hvorttveggja, að eigi hefir svo verið tilætlazt, er reglugjörðin var samín, að gjörð yrði nokkur undantekning frá tjeðri ákvörðun, þegar svo stendur á sem hjer røðir um, enda finnur ráðgjafinn eigi ástøðu til að gjöra neina breytingu á reglugjörðinni í þessu efni. Aptur á móti er það að segja um stúdent þann, Pjetur Jónsson, er getur um í brjefi yðar, og eigi hefir verið reglulega vísað burt frá skólanum, heldur yfirgaf skólann sjálfur í júlímánuði f. á., áður en burtreksturinn átti sjer stað, og sem leyft hefir verið eptir ráðstöfun yðar að hlýða á fyrirlestra þetta skólamissiri og láta hlýða sjer yfir sem óreglulegur lærisveinn, að ráðgjafanum þykir rjettast að leyfa, að hann sje tekinn inn í skólann aptur í byrjun næsta skóla-árs, og þannig, að tíminn, sem hann hefir verið í skólanum sem óreglulegur lærisveinn, verði eigi talinn með í hinum fulla námstíma, 4 árum; og eins er það vitaskuld, að vísa verður honum í burtu undir eins, ef hann gjörir sig aptur sekan í drykkjuskap eða annari óreglu, og að eigi má taka hann inn í skólann, ef hann gjörist brotlegur í millibilinu til 1. október þ. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa prestakalli.* — Út af bónarbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 15. febr. þ. á., frá prófastinum í Dalasýslu, síra Jóni Guttormssyni, um að veitt sje Hjarðarholtsprestakalli í tjeðri sýslu 1000 króna lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni prestsetursins, einkum með vörzlugörðum og skurðum, er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, að lánið sje borgað aptur á 10 árum, 100 kr. á ári, og greiddir í vöxtu 4 af hundraði um árið af því, sem eptir er af höfuðstólnum í hvert skipti.

62
13. apríl.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa Akureyrarkaupstað.* — Út af bónarbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 4. febr. þ. á., frá bæjarfógetanum á Akureyri fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar, um 6000 kr. lán handa kaupstaðnum úr viðlagasjóði, og eru 4000 kr. af því ætlaðar til aðgerðar að kirkjunni, og hitt til vegagjörðar á Akureyri sjálfri og á Oddeyri, er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, að lánið sje borgað aptur á tíu árum, $\frac{1}{10}$ hluti þess á ári, og að greiddir sjeu í vöxtu 4 af hundraði um árið af því, sem eptir er af höfuðstólnum í hvert skipti.

63
13. apríl.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um óendurgoldinn sveitarstýrk sem meinbug á hjónabandi.* — Í brjefi dags. í gær, tjáið þer mér, herra amtmáður, þóknanlegt álit yðar um fyrirspurn þá, er jeg sendi yður með brjefi mínu 30. f. m., frá Jóni Sveinbjarnarsyni á Draghálsi og Jóni Erlendssyni á Svarfhóli sem svaramönnum Guðmundar nokkurs Hjálmarssonar, um það hvort óendurgoldinn sveitarstýrkur, er lagður hefir verið óskilgetnum börnum hans til framfærslu af Skorradalshreppi, sje því til fyrirstöðu samkvæmt tilsk. 30. apríl 1824, 3. gr. 10 tölul., að hann bindist í hjúskap, og læt jeg yður nú þjónustusamlega tjáð, herra

64
16. maí.